


Deiliskipulag: Kópavogsdalur, útivistarsvæði. Dalsmári 1. mkv. 1:2000
Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. maí 1992 m.s.br. samþykkt 10. júní 2025.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Kópavogsdalur, útivistarsvæði. Dalsmári 1. Smáraskóli. mkv. 1:2000

Kópavogsdalur, útivistarsvæði Dalsmári 1. Smáraskóli.

Breyting skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa,
8. júní 2026. ONE / 26054610


Greinargerð: Vísað er í gildandi deiliskipulag Kópavogsdals, útivistarsvæðis samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. maí 1992 m.s.br. Landnotkun er skilgreind í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem samfélagsþjónusta, S-46. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu eru heimilar. Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Smáraskóla. Gerð hefur verið ein breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir umrædda lóð, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10. júní 2025 þar sem komið var fyrir byggingarreit fyrir lausar skólastofur á vesturhluta lóðarinnar.

Forsendur og rök fyrri breytingunni: Skólastofum er ætlað að mæta skammtímaþörf fyrir kennslustofur vegna fjölgun grunnskólabarna í hverfinu sem má rekja til þéttingu byggðar eða endurnýjunar í hverfinu.


Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Svæðið sem breytingin nær til afmarkast við norðvesturhluta lóðarinnar nr. 1 við Dalsmára, lóð skólabyggingar Smáraskóla. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir núverandi færanlegar skólastofur stækkar til norðausturs svo hægt sé að koma fyrir nýrri 135,1 m² færanlegri skólastofu. Stækkun byggingarreits er um 19,7 m x 22 m. Gólfkóti er áætlaður um GK= 10,90 (+/- 0,3m. Hæðakerfi ISH04). Fyrirhugað skólastofa er á einni hæð með flötu þaki. Hámarks þak- og vegg hæð frá gólf mun vera um 3.06 m. Aðkoma að lóðinni og bílastæði helst óbreytt. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

Möguleg umhverfisáhrif: Umhverfisáhrif vegna breytinga á deiliskipulagi eru taldar óverulegar.

Ferill máls:




Skýringarmynd: Grunnmynd fyrirhugaðrar skólastofu. Mkv. 1:200



Skýringarmynd: Útlit fyrirhugaðrar skólastofu. Mkv. 1:200

TILLAGA. BREYTT DEILISKIPULAG KYNNINGUPPDRÁTTUR




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2021. Staðfest 28. desember 2021. Birt í -deild 30. desember 2021.

Kópavogi, dags.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

Skýringar

- Mörk breytinga
- Nýr byggingarreitur
- Lóðamörk
- Mörk breytinga
- Núverandi byggingar
- Gólfkóti byggingar
- Stækkun / Breytingar
- Göngustigur
- Götur
- Kvæð um gróður
- 1h Hæðir bygginga



Breytt deiliskipulag með loftmynd: Dalsmári 1.

Mkv. 1:2000